

## Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (strandveiðar), mál nr. 429, þingskjal 611.

Undirritaður telur að ákvæði 1. greinar um 12 veiðidaga í mánuði vera til mikilla bóta frá því fyrirkomulagi sem verið hefur á strandveiðum og styður því þetta ákvæði. Rétt er þó að vekja athygli á að veður leikur stórt hlutverk á veiðum með handfærum og allmörg dæmi eru um á liðnum árum að ekki gefi á sjó meira en fimm daga í einstaka mánuði. Því færi betur að vera með heildardagafjölda fyrir allt tímabilið, þ.e. 48 daga á fjórum mánuðum.

Ákvæðið um að Fiskistofa fái heimild til að stöðva strandveiðar þegar sýnt er að heildaraflí fari umfram tiltekið heildarmagn er hins vegar afar slæmt og mótsagnarkennt. Í fyrsta lagi er besti veiðitími strandveiða mjög mismunandi á milli svæða. Þannig veldur þetta heimildar-ákvæði mismunun milli landshluta/veiðisvæða og gæti orðið til þess að þau veiðisvæði sem gefa meira á fyrri hluta tímabilsins fengi hlutfallslega mun meira í sinn hlut en þau svæði sem bestur afli er á í júlí og ágúst. Þá getur þetta ákvæði valdið „veiðikeppni“ milli veiðisvæða og vinnur þar með gegn megintilgangi tillögunnar um fastan fjölda veiðidaga.

Í öðru lagi er rétt að benda á að hér er verið að gera tilraun til eins árs með nánast hreint sóknarmark á strandveiðum (12 dagar/mán., 4 rúllur, 4 dagar í viku, 14 klst. róðratími) og er heildaraflamark þannig órókrétt. Þess vegna telur undirritaður að þessa tilraun eigi að útfæra þannig að ekkert fyrirfram gefið aflamagn verði á veiðitímabilinu í ár (650 þorskígildiskíló á dag er nægjanleg magnstýring). Sýnt hefur verið fram á að hér getur vart orðið meira en um 12-14 þús tonna heildarafla að ræða og hugsanleg aukning frá því aflamagni sem rætt hefur verið um að setja til strandveiða því innan skekkjumarka við ákvörðun heildarafla skv. aflareglu. Ávinningurinn af því að vera ekki með fyrirfram gefið heildaraflamark verður hins vegar verulegur, bæði vegna jafnræðis milli svæða, jafnara framboðs og heilbrigðari markaðs-aðstæðna auk þess sem „keppnisþátturinn“ í veiðunum verður ekki lengur til staðar.

Til að minnka togstreitu milli þeirra sem starfa í aflamarkskerfinu og strandveiðiútgerða telur undirritaður að í þessari tilraun eigi að hafa strandveiðiaflann utan heildarafla skv. 20% aflareglunnar. Þannig útfært strandveiðikerfi myndi því örugglega stuðla að meiri sátt meðal útgerðarflokka, einstakra útgerða, strandveiðisvæða og jafnvel meðal þjóðarinnar allrar með stjórn fiskveiða yfirleitt.

Hvað snertir ufsa-ákvæði 1. gr. fagnar undirritaður því að ekki eigi að telja veiddan ufsa til hámarksafla í róðri. Hins vegar er rétt að vekja athygli á að miðað við verð á ufsa hefur oft ekki borgað sig að veiða hann þegar búið er að taka tillit til löndunarkostnaðar og veiðigjalda. Ef landa á ufsa sem VS-afla er allt eins líklegt að reynt verði að forðast allar veiðar á honum.

Skagafirði 7. apríl 2018

Virðingarfyllst

Magnús Jónsson veðurfræðingur og strandveiðimaður